

11/6
Alþingi
Erindi nr. Þ 141/664
komudagur 21.11.2012

Akureyri 19. nóvember 2012


Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Guðfríður Lilja Grétarsdóttir formaður
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Á aðalfundi Eyþings 2012 var samþykkt ályktun varðandi **innanlandsflugið**, sem fylgir hér á eftir.

Aðalfundur Eyþings, haldinn á Dalvík 5. og 6. október 2012, leggst eindregið gegn því að miðstöð innanlandsflugs verði flutt úr Vatnsmýrinni. Flutningur flugvallarins myndi draga verulega úr aðgengi íbúa landsbyggðanna að heilbrigðisþjónustu, stjórnslu, viðskiptalífi og menningarlífi. Kostnaður við sjúkraflug mun aukast og öryggi sjúklinga minnka. Líkur eru á að flug myndi leggjast af til nokkurra staða. Flutningurinn myndi því hafa alvarleg áhrif á lífsgæði íbúa landsbyggðanna og auka verulega þann kostnað sem þeir bera.

Jafnframt leggst aðalfundurinn eindregið gegn áformum um að hætta stuðningi við flugsamgöngur til og frá Þórshöfn um áramótin 2013/2014. Flugsamgöngur til Þórshafnar, Vopnafjarðar, Húsavíkur og Grímseyjar eru ein af lífæðum samfélagsins sem nauðsynlegt er að standa vörð um.

Virðingarfyllst,



Pétur Þór Jónsson
framkvæmdastjóri

Samrit:
Innanríkisráðherra
Borgarstjórinn í Reykjavík